

Lokun Dalveggar

Aðgerðir sem grípa þarf til í tengslum við
lokun endurvinnslustöðvarinnar við Dalveg



Forsaga lokunar við Dalveg

- Bréf Kópavogsbæjar til SORPU í **september 2022**, um skil lóðarinnar við Dalveg 1. september 2024
- Starfshópur leggur til í **apríl 2023** nýja staðsetningu fyrir nýja endurvinnslustöð
- Öðrum hópi komið á fót í **desember 2023** til að finna aðra staðsetningu
- Lokun á Dalvegi seinkað til 1. september 2025 með samkomulagi Kópavogsbæjar og SORPU
- Seinni starfshópur leggur til í **nóvember 2024** lóð á Glaðheimasvæðinu
- Hópurinn telur að taka muni tvö til fjögur ár að koma nýrri stöð í virkni
- Fimm stöðvar verða því á höfuðborgarsvæði í stað sex að óbreyttu í **eitt til þrjú** ár

Heimsóknir á endurvinnslustöðvar árið 2024



- Ánanaust 181.218 – 18%
- Blíðubakki 66.171 – 7%
- Breiðhella 174.949 – 18%
- **Dalvegur 178.310 – 18%**
- Jafnasel 140.495 – 14%
- Sævarhöfði 241.688 – 25%

- Samtals 982.831 heimsóknir – 3% fjölgun frá 2023

Á hvaða endurvinnslustöð SORPU ferð þú oftast?

Greiningar

Búseta á höfuðborgarsvæðinu

Mið- og Vesturbær, Seltjarnarnes

Hlíðar, Laugardalur, Háaleiti

Breiðholt

Árbær, Grafarholt

Grafarvogur, Kjalarnes


Mosfellsbær

Kópavogur

Garðabær

Hafnarfjörður

Fjöldi



■ Reykjavík - Ánanaust ■ Reykjavík - Jafnasel ■ Reykjavík - Sævarhöfði ■ Hafnarfjörður - Breiðhella ■ Kópavogur - Dalvegur ■ Mosfellsbær - Blíðubakki

- Ljóst að um 180.000 gestir endurvinnslustöðva þurfa árlega að leita á aðrar stöðvar SORPU frá 1. september 2025
- Það mun líklega valda verulegu álagi á innviði annarra endurvinnslustöðva, sem þegar eru nærri þolmörkum
- Þessari stöðu þarf að mæta með fjölda aðgerða

Aðgerðir til að mæta lokun Dalveggar - I



- Óska eftir heimild til að koma frá 1. september 2025 upp tímabundinni endurvinnslustöð á þeirri lóð sem verður fyrir valinu á Glaðheimasvæðinu og reka þangað til framkvæmdir hefjast við nýja stöð á lóðinni
 - Þetta myndi draga verulega úr þörf fyrir að grípa til annarra aðgerða sem hér eru upp taldar, þar sem að með þessu væri stöð skotið undir endurvinnslustöðvanetið
- Óska eftir heimild til tímabundinna afnota af lóð hverfisstöðvar Breiðholts, sem liggur við hlið endurvinnslustöðvarinnar við Jafnasel, til að stækka stöðina
 - Hverfisstöð Breiðholts er á förum og með minniháttar framkvæmdum væri hægt að efla endurvinnslustöðina við Jafnasel þannig að hægt verði að auka afköst stöðvarinnar verulega og mæta þannig þeirri stöðu sem skapast þegar stöðin við Dalveg lokar
- Kynna með markvissum hætti endurvinnslustöðina við Breiðhelli fyrir gestum endurvinnslustöðvarinnar við Dalveg
 - Endurvinnslustöðin við Breiðhelli er sú stöð sem á auðveldast með að taka á móti fleiri gestum en nú er. Með markvissri kynningarherferð verður stefnt að því að beina sem flestum gestum Dalveggar á Breiðhelli

Aðgerðir til að mæta lokun Dalveggar - II



- Færa Efnismiðlun Góða hirðisins af Sævarhöfða á Köllunarklettsveg 1, og efla hana við Breiðhelli
 - Efnismiðlun Góða hirðisins við Sævarhöfða færðist í lok árs 2024 undir þak Góða hirðisins við Köllunarklettsveg 1, til að hefja undirbúning að lokun endurvinnslustöðvarinnar við Dalveg.
 - Með þessu er stefnt að því að draga úr aðsókn á Sævarhöfða og stytta þann tíma sem heimsóknir gesta taka á stöðinni
 - Stöðvarnar við Sævarhöfða og Jafnasel eru næstar stöðinni við Dalveg, og því líkur á að flestir íbúar Kópavogs og Garðabæjar leiti þangað
 - Stöðvarnar eru hins vegar báðar við þolmörk, og mikilvægt að beina sem flestum gestum frá þeim, og á stöðina við Breiðhelli
- Skoða að fækka úrgangsflokkum í Jafnaseli
 - Endurvinnslustöðin við Jafnasel er lítil og á nú þegar erfitt með að anna með góðu móti öllum heimsóknum. Til að draga úr aðsóknnum á stöðina er til skoðunar að fækka þeim úrgangsflokkum sem í boði er að skila á stöðina. Þeir flokkar sem sérstaklega er horft á eru múrbrot, timbur, og flöskur og dósir

Aðgerðir til að mæta lokun Dalvegjar - III



- Skoða að lengja opnunartíma á Breiðhelli um helgar
 - Gestir á endurvinnslustöðvum SORPU hafa um nokkurt skeið kallað eftir að endurvinnslustöðvar opni fyrr um helgar. Sökum úr sér genginnar hönnunar flestra stöðva er erfitt að verða við þessu ákalli annarsstaðar en á Breiðhelli, sem er hönnuð þannig að hægt er að þjónusta hana og skipta út gámum á opnunartíma stöðvarinnar, án þess að teljanleg hættu skapist af
 - Þetta gerir það að verkum að til skoðunar er að opna stöðina við Breiðhelli fyrr um helgar til að jafna álag á endurvinnslustöðvar um helgar, og auka líkur á því að gestir sem nú sækja Dalveg geri stöðina við Breiðhelli að sinni stöð
- Efla stöðina við Breiðhelli enn frekar
 - Breiðhella er sú stöð sem getur tekið við flestum gestum. Stærð hennar og hönnun gera það að verkum að hægt er að efla hana enn frekar. Það verður gert á næstu mánuðum, meðal annars með bættum merkingum, meiri möguleikum á flokkun, öflugri Efnismiðlun, ósk um fjölgun á talningarvélum fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir, og fleira
 - Þær breytingar á Breiðhelli sem skila bestum árangri verða svo innleiddar á aðrar stöðvar